

# Fyrsta þilskip Ólafsfirðinga

Njörður Sæberg Jóhannsson á Siglufirði, sem undanfarin ár hefur verið að skrá báta- og skipasögu Fljóta- og Siglufjarðar, með því að gera nákvæm líkön af helstu fleyjum sem þar úti fyrir klufu hafflötinn fyrr á tímum, þar sem tomman er fetið, þ.e.a.s. í hlutföllunum 1 á móti 12, lauk á dögunum við eitt í viðbót og nú fyrsta þilskip Ólafsfirðinga. Það bar heitið Gestur. Og afraksturinn er hinn glæsilegasti eins og var og er með öll hin, allt er unnið ofan í minnstu smáatriði, jafnt neðan þilja sem ofan. Meira að segja grjótið í ballestina var sótt inn í Ólafsfjörð. Efniviður líkansins er greni, en öll bönd þó úr eik, og naglar eru á fjórða þúsund talsins.

Breytingin er hins vegar sú, að þúsundþjalasmiðurinn gengur ekki heill til skógar, frekar en við smíði líkansins sem hann gerði þar áður, Blika, því hendurnar eru að missa allan næmleika sökum taugasjúkdóms. Sjálfur lýsir hann því þannig, að það sé eins og hendurnar séu allar klæddar leðri og þar undir sé stöðugur náladofi. Engan sem lítur það sem af þeim kemur myndi þó gruna hið sanna. Og nú er kappinn farinn að huga að næsta verki, hvergi banginn.

Hann er fæddur á Siglufirði árið 1945, hefur búið þar alla tíð og á ættir að rekja til mikilla skipasmiða. Hann lærði múrverk í Iðnskólanum á Siglufirði, fékk síðar meistaraáréttindi og starfaði eftir það sjálfstætt, en hafði jafnframt tekið fagteikningar í trésmíði.

Um Njörð hefur Árni Björn Árnason á Akureyri sagt:

*„Ekki fer á milli mála að maður á níraðisaldri hefur kynnst fjölda fólks á liðnum áratugum. Margur skín þar skært í kastljósi minninganna og svo er um Njörð Sæberg Jóhannsson frá Siglufirði. Óneitanlega einn allra minnisverðasti maður sem undirritaður hefur mætt á lífsgöngu sinni.*

Við skráningu báta, smíðaðra á Íslandi, sem sjá má á vefnum [www.aba.is](http://www.aba.is), hefur Njörður Sæberg reynst skrásetjara sannkallað haldreipi. Undirritaður fullyrðir að enginn núlifandi maður hefur yfirgripsmeiri þekkingu á opnum hákarlaskipum og hákarlaskútum sem smíðuð voru í Fljótum og á Siglufirði hér áður fyrr. Maðurinn hefur á reiðum höndum nöfn þessara báta, þeirra sem þá smíðuðu og hverjir áttu. Öll ártöl þessu viðkomandi vefjast ekki fyrir Nirði Sæberg.

Undanfarna áratugi hefur Njörður smíðað líkön af fjölda þessara fara og er skemmst frá að segja að flest þeirra eru einu þrepi ofar en listasmíði. Nákvæmni hans er með miklum ólíkindum og sér í lagi sé þess gætt að lungann úr starfsævinni hafa greipar hans haldið um múrskeið og múrbretti. Örgrannir borar leika í höndum mannsins og engu skeikar bil á milli hnoða eða fjarlægðar þeirra frá skör.

Veiðitól öll eru um borð í líkönunum og í vistarverum þilfarsbátanna eru kojur með sængurfatnaði.

Vilji Íslendingar varðveita uppruna sinn og sögu, þá ber að varðveita líkön Njarðar Sæbergs um ókomnar aldir.

Engar skráðar heimildir segja söguna betur en þessi líkön gera.

Njörður er ekki margorður um tímafjölda sem fer í smíði á hverju líkani fyrir sig en í sjónvarpsviðtali árið 2015 datt upp úr honum að í líkanið af Haffrúnni, sem var 24 feta bátur, hafi farið 800 klukkustundir og rúmlega 4.000 naglar.

Vel er maðurinn gerður til orðs og æðis og víst er um að orð skulu standa þar sem hann fer.“

Fyrsta líkanið sem Njörður smíðaði var Úlfur, sem Þorsteinn í Haganesvík átti, svo gerði hann lítinn arabát handa sjálfum sér og ætlaði að hætta eftir það, en gat ekki. Þá komu Marianna, Bæringur SK 5, sem Páll Árnason á Ysta-Mói smíðaði 1898 fyrir Einar Hermannsson á Molastöðum, og síðan annar Bæringur

sem langafi Njarðar í föðurætt, Ásgrímur Sigurðsson, smíðaði upphaflega 1894, og eftir það gerði hann Vonina og Óskina, þá Sigurvin, bát Gústa guðsmanns, síðan Blíðhaga, Skagaströnd, Hraunaskipið, Hákarl/Haffrúna, Fljóta-Víking, Álku, Ugga, Jóhönnu, Blika, Lata-Brún, rúffskipið Farsæl, Blika og núna Gest.

### **Upphaflega danskur**

„Það sem ég veit um þetta skip, sem ég var að ljúka við, er, að það voru kaupmenn á Austurlandi sem eignuðust það fyrst,“ segir Njörður. „Friðrik Jónsson, kenndur við Syðri-Bakka á Hjalteyri við Eyjafjörð, álítur að það hafi verið smíðað í Danmörku. Afturhlutinn bendi eindregið til þess og eins hitt, að allt skipið var saumað úr eir. Það fór á milli Austfjarða og alveg norður fyrir, til Raufarhafnar og sennilega til Húsavíkur, og var látið safna skreið í sig, auk þess að vera með eitthvað af verslunarvöru. Það voru bara tvær kojur við aftanvert dekkhúsið, svo var smá upphækkun og þaðan pallar aftur í gafl, og þar var þessi varningur geymdur; þetta er ekki svona á líkaninu mínu, því skipinu var síðar breytt til hákarlaveiða og ég miða við þann tíma. Það voru engar skilrúmsfjalir í því meðan austanmenn áttu það en þegar var komið með það á Siglunes til lagfæringa og breytinga voru sett í það tvö bjálkaskilrúm í hvora síðu og skilrúmsfjalir og skipt að hluta til, þ.e.a.s. um miðjuna, um efsta borðið báðum megin; þar hefur sennilega komist vatn á milli listans sem er utan á skipinu og byrðingsins, farið upphaflega í gegnum lensportin, náð að setjast og borðin þar af leiðandi fúnað. Þetta var ekkert óalgengt á súðbyrðingum.“

Eigendur að Gesti eftir að hann kemur að austan og fer í yfirhalninguna á Siglunesi eru Björn Gíslason bóndi á Ytri-Á í Ólafsfirði, Finnur Gíslason bóndi á Burstabrekku í Ólafsfirði og Jón Þorkelsson bóndi í Skarðsdal í Siglufirði. Gestur kom á Siglunes 4. maí 1857 og viðgerð lauk 28. maí 1857. Sama dag kom hann inn til Ólafsfjarðar og var þar á legu.

„Það er mjög erfitt að finna nákvæmlega uppruna þessa skips, hvar í Danmörku það hefur verið smíðað, en líkur benda til þess að það hafi verið smíðað í Fredrikshavn, eftir byggingarlaginu að dæma,“ segir Njörður. „Það var 40 fet á lengd eða 12 metrar og 20 sentimetrar og það var skráð rúmlega 12 tonn en það hefur borið töluvert meira. Breytingarnar sem voru gerðar voru til mikilla bóta.“

### **Langlangafi skoðaði fleyið**

„Langafi minn, Kristján Jónsson í Lambanesi í Fljótum, sagði mér, að tengdafaðir hans, Sæmundur Jónsson bóndi og skipstjóri á Ysta-Mói í Flókadal, Felli og Efra-Haganesi, hafi átt erindi á Siglunes þegar nýbúið var að setja Gest upp þar og hafi skoðað skipið mjög vandlega. Bestu lýsingarnar sem ég á eru frá Kristjáni og syni hans, Valgarði; hann var búinn að skrifa á blöð nokkrar lýsingar af þessum gömlu skipum sem langafi minn hafði séð og einnig skrifað niður eftir tengdaföður sínum. Og þegar afi minn, Jón Kristjánsson, varð sjötugur og Valgarður kom í afmælið hans, þá kom hann með skókassa með þessum upplýsingum.“

Gestur var alltaf gerður út á hákarl eftir að hann kemur í Ólafsfjörð, og var skilrúmaður með það í huga, smíðaðar í hann rennur, bætt tveimur kojum aftan við, þar sem verslunarvörurnar áður nefndar höfðu verið geymdar, þannig að í honum voru alls sex kojur. Um borð voru 10 menn, sex hásetar voru á dekki í einu og þrír í koju fjóra tíma í senn og uppi á dekki í átta tíma. Vaktir voru þrískiptar. Skipstjórinn gekk ekki þessar vaktir, heldur fór í koju eftir þörfum.

Nafnið á skipinu er til komið af fyrsta hlutverki þess, segir Njörður, að það safna skreið hjá mönnum, þá töluðu þeir um að nú væri að koma gestur.

Farið var með skreiðina til Seyðisfjarðar.

„Hvort það eru danskir kaupmenn eða Steinbach sem áttu Gest í upphafi veit ég ekki en hjá honum vann kaupmaður sem kom svo

síðar til Siglufjarðar með verslun og þegar hann fór héðan skuldaði hann Siglunesbændum fé og munnmæli segja að þeir hafi haft milligöngu um að fá skipið keypt, þótt það væri komið til ára sinna, til að jafna út skuldina og hafi borgað eitthvað á milli og svo selt það til Ólafsfjarðar eftir viðgerðina,“ segir Njörður.


Árið 1872 er Gestur horfinn úr Ólafsfirði og sennilega ónýtur.



Allt er unnið ofan í minnstu smáatriði.



Sama.



Sama.



Sama.



Sama.



Það er óskiljanlegt að þetta sé verk manns sem hefur nær enga tilfinningu í höndum. Skýringin er að hluta sú að allar tangir sem hann notar eru öfugar, þ.e.a.s.

hann þrýstir ekki á til að loka þeim heldur er með þær opnar, grípur utan um hlutinn, sleppir takinu og þær lokast.



Þetta er gríðarlega vönduð smíð.




Aftara dekkhúsið fjarlægt.



Hér er búið að taka aftara dekkhúsið af svo að sést í stiga, kojur og matarkistur.



Sama.



Sama.



Meira að segja grjótið í ballestina var sótt inn í Ólafsfjörð.



Sama.



Horft ofan á framhluta skipsins þar sem festan blasir við, akkerisgerð þess tíma, og einnig er búið að taka fremra dekkhús af svo að sést ofan í koju.



Vindböndin sjást hér greinilega en þau voru notuð þegar rifa þurfti seglin. Auk þess má líta nokkur áhöld sem brúkuð voru þegar hákarl náðist.



Gestur er fyrsta þilskip Ólafsfirðinga.



Listamaðurinn og skrásetjarinn Njörður Sæberg Jóhannsson.







## Líkan af fyrsta þilskipi Ólafsfirðinga

■ Gestur var upplýfing í sína kappganga á Austriðinu ■ Líklega smáskipi í Danmörku  
■ Sveipi í hálku þilskipi í maí 1907 á Reykjavík ■ Aftur smátt skipi í sönnunum umskráð til Nórðs Norðberg

Þetta er líklegur afbrotur af fyrsta þilskipi Ólafsfirðinga, sem var byggð í Danmörku um 1800. Líklegt er að skipið hafi verið byggð í Danmörku, en það er ekki til staðar í sönnunum umskráð til Nórðs Norðberg. Líklegt er að skipið hafi verið byggð í Danmörku, en það er ekki til staðar í sönnunum umskráð til Nórðs Norðberg. Líklegt er að skipið hafi verið byggð í Danmörku, en það er ekki til staðar í sönnunum umskráð til Nórðs Norðberg.



Myndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.  
Fylgja: Greinin í Morgunblaðinu í dag.